

Samanburðarsafn í dýrabeinaforrnleifafræði
við Landbúnaðarháskóla Íslands
Ársskýrsla 2017

Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir



Samanburðarsafn í dýrabeinafornleifafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands Ársskýrsla 2017

Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir

Febrúar 2018
Landbúnaðarháskóli Íslands

© Albína Hulda Pálsdóttir, Elísa Skúladóttir og Landbúnaðarháskóli Íslands 2018

Samanburðarsafn í dýrabeinafornleifafraeði við Landbúnaðarháskóla Íslands: Ársskýrsla 2017

Rit Lbhí nr. 84

Útgefandi: Landbúnaðarháskóli Íslands

Útgáfustaður: Reykjavík

ISSN 1670-5785

ISBN 978-9979-881-55-1

Mynd á forsíðu: Hauskúpa af kind frá Sigurgeiri Þorgeirssyni sem búið er að hreinsa. Myndin er tekin í húsnaði Landbúnaðarháskóla Íslands. Ljósmynd: Elísa Skúladóttir.

Efnisyfirlit

Myndaskrá	2
Stutt yfirlit yfir safnið	3
Collection summary	4
Inngangur.....	5
Samanburðarsafn í dýrabeinaforneifafraði.....	6
Vinna við samanburðarsafnið nóvember 2016 - september 2017	6
Aðferðir við söfnun og verkun sýna	7
Staðan á safninu	7
Spendýr	8
Fuglar.....	9
Fiskar	10
Nýting safnsins.....	10
Lán úr safninu	12
Framtíðarhorfur	13
Þakkir	13
Fjármögnun.....	13
Viðauki 1: Verkferill fyrir verkun á hræjum í samanburðarsafn	14
Viðauki 2: Grein um samanburðarsafnið í ICAZ Newsletter Volume 18 No. 2, Fall 2017	15
Heimildir	16

Myndaskrá

Mynd 1: Bein úr sauðfé úr safni Sigurgeirs Þorgeirssonar. Meirihluti beinanna þurfti að fara í vatnsrotnun í nokkrar vikur og svo í fituhreinsun áður en hægt var að ganga frá þeim. Ljósmynd: Elísa Skúladóttir. .	6
Mynd 2: Herbergi fyrir samanburðarsafnið á 3. hæð í Keldnaholti í ágúst 2017 en orðið var ansi þröngt um safnið. Ljósmynd: Albína Hulda Pálsdóttir.....	7
Mynd 3: Hillur með sýnum úr samanburðarsafninu, í efstu þremur hillunum eru beinagrindur úr fuglum, svo eru spendýrabein og neðst eru kindabein úr Sigurgeirssafni. Ljósmynd: Albína Hulda Pálsdóttir.	8
Mynd 4: Hauskúpur og bein úr Sigurgeirssafni sem verið er að merkja og pakka. Ljósmynd: Elísa Skúladóttir.	9
Mynd 5: Erica Hill frá University of Alaska - Southeast heimsótti safnið í nóvember 2016. Ljósmynd: Albína Hulda Pálsdóttir.	10
Mynd 6: Hazel Cashman að merkja bein í samanburðarsafninu og holdhreinsa gæs fyrir vatnsrotnun í nóvember 2016 Ljósmynd: Albína Hulda Pálsdóttir.....	11
Mynd 7: Höfuðkúpa af ketti, M135, sem lánuð var á sýninguna „Dýrin- Leynardómur landnáms“ frá apríl 2017 til desember 2019.....	12
Mynd 8: Kattarhauskúpan á sýningunni „Dýrin- Leynardómur landnáms“.....	12

Stutt yfirlit yfir safnið

Safnið inniheldur að mestu íslensk spendýr, fugla og fiska. Sýnin eru 340 talsins og eru þar af 258 sýni tilbúin til notkunar. Ítarlegar upplýsingar fylgja mörgum sýnum þ.á.m. fundarstaður, tegund, aldur og kyn.

Skráð eru 148 spendýrasýni, heilar beinagrindur, hlutar úr beinagrindum og stök bein í einhverjum tilfellum, í gagnagrunn safnsins og eru nokkur enn í verkun. Í þennan hluta safnsins vantar helst fleiri seli af þekktri tegund, aldri og kyni, folald, höfuðkúpu af hyrndum nautgrip og heila beinagrind af fullorðnum nautgrip. Auk þessa eru nú um 90 sýni af íslensku sauðfé aðgengileg ásamt gögnum um kyn, aldur og stærð. Ekki er um að ræða heilar beinagrindur en af flestum einstaklingum eru til staðar hauskúpur, kjálkar, leggir, lærleggir og sköflungar, hluti af hryggjarliðum og rifbeinum.

Staða fuglasýna er mjög góð og eru sýnin 152 talsins og eru 140 þeirra tilbúin til notkunar. Meirihluti sýnanna eru heilar beinagrindur og tegundasamsetning þess mjög góð. Þó vantar fleiri endur, sjófugla, vaðfugla og mávategundir. Í safninu eru 22 beinagrindur af íslenskum hænsnum, af báðum kynjum á ýmsum aldri.

Söfnun beinagrinda fiska hefur ekki verið í forgangi undanfarin ár en þó eru í safninu 40 heilar fiskbeinagrindur. Helst þarf að bæta tegundaúrval auk þess að fjölga einstaklingum af mismunandi stærðum innan tegunda. Fjöldi fiskbeinagrinda í safninu stóð í stað frá árinu 2016.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur komið upp góðri aðstöðu til þess að verka sýni auk þess sem ágæt aðstaða er fyrir vísindamenn sem vilja nýta sér safnið til greininga. Listi yfir þau sýni sem aðgengileg eru í safninu er birtur á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands og uppfærður þegar tilefni er til.

Collection summary

The zooarchaeological reference collection of the Agricultural University of Iceland has specimens of various mammals, birds and fish found in or around Iceland. There are 340 specimens in total and 258 are ready for use. Detailed information such as origin, species, age and sex is available for many specimens. Zooarchaeological measurements and photos of prepared skeletons are available for some specimens.

148 samples from mammals are listed in the reference collection, including some samples that are still being processed. The mammal collection needs more seals of known species, age and sex, a foal, skull of horned cattle and a complete skeleton of an adult cattle. In a special sheep collection, Sigurgeirssafn, there are about 90 samples from Icelandic sheep with information about sex, age and size. Most samples include skulls, mandible, humerus, femur, tibia, scapula, parts of vertebra and ribs.

The bird bone reference collection includes a diverse range of species found in Iceland, with 152 specimens, 140 of those are ready for use. Most of the specimens are whole skeletons and the species composition is good. The collection still needs a more diverse range of ducks, seabirds, waders and gulls. The collection includes 22 skeletons of Icelandic chickens, both males and females and of various ages.

The number of fish skeletons in the collection is the same as in 2016. Currently the collection includes 40 fish skeletons but more species are needed in addition to increase the number of individuals of different sizes within species.

The Agricultural University of Iceland has established good facilities for sample processing as well as facilities for researchers wishing to use the collection for analysis. List of available samples is accessible on the Agricultural University of Iceland website and is updated as more samples are added to the collection.

Inngangur

Þetta er lokaskýrsla vegna styrks nr. 201702-0044 úr fornminjasjóði sem úthlutað var vorið 2017. Skýrt er frá stöðu vinnu við uppbyggingu samanburðarsafns íslenskra dýra-, fugla- og fisktegunda við Landbúnaðarháskóla Íslands. Í safnið eru nú komin 340 sýni (voru 300 árið 2016), auk 90 kindabeinagrinda í Sigurgeirssafni. Mörg sýni eru heilar beinagrindur og er meirihluti þeirra fullunninn og kominn í notkun við greiningar á dýrabeinum úr íslenskum fornleifauppgröftum, við kennslu, miðlun og rannsóknir. Safnið er nú orðið aðgengilegt nemendum og vísindamönnum utan Landbúnaðarháskóla Íslands til rannsókna og mun það leiða til aukinnar nýtingar þess á næstu árum.

Fylgigögn: Samanburðarsafn Lbhí, Excel-skjal með yfirliti yfir eintök í samanburðarsafni Lbhí frá 21. ágúst 2017.

Samanburðarsafn í dýrabeinaforaleifafræði

Vinna við samanburðarsafnið nóvember 2016 - september 2017

Vorið 2017 fékkst aftur styrkur frá forminjasjóði (nr. 201702-0044) til að ráða starfsmann til að vinna við samanburðarsafnið í þrjá mánuði. Elísa Skúladóttir mastersnemi í líffræði var ráðin aftur í verkefnið, sem sparaði tíma við þjálfun á nýjum starfsmanni. Lögð var áhersla á að vinna sýni sem til voru frekar en að safna nýjum sýnum en um 40 sýni voru í vatnsrotnun í byrjun sumars. Við lok sumars var búið að pakka og ganga frá um 31 sýnum. Einnig var hafin verkun á 15 fuglasýnum sem til voru í frysti á Keldnaholti. Haldið var áfram að hreinsa bein úr doktorsverkefni Sigurgeirs Þorgeirssonar (1981) og náðist að klára um 90 sýni sem nú eru aðgengileg í samanburðarsafninu. Enn eru eftir ókláruð sýni sem eru í vatnsrotnun eða á eftir að fituhreinsa (Mynd 1).

Stutt grein um samanburðarsafnið birtist í fréttabréfi alþjóðasambands dýrabeinaforaleifafræðinga haustið 2017, sjá Viðauki 2: Grein um samanburðarsafnið í ICAZ Newsletter Volume 18 No. 2, Fall 2017.



Mynd 1: Bein úr sauðfé úr safni Sigurgeirs Þorgeirssonar. Meirihluti beinnanna þurfti að fara í vatnsrotnun í nokkrar vikur og svo í fituhreinsun áður en hægt var að ganga frá þeim. Ljósmynd: Elísa Skúladóttir.

Aðferðir við söfnun og verkun sýna

Sömu aðferðir voru við verkun og söfnun sýna og árið 2016 (sjá Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir, 2016). Ferlið við verkun sýna fyrir samanburðarsafnið má sjá í Viðauki 1: Verkferill fyrir verkun á hræjum í samanburðarsafn. Charlotta Oddsdóttir dýralæknir og lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands var áfram til ráðgjafar varðandi sjúkdómahættu við verkun sýna fyrir samanburðarsafnið líkt og 2016.

Staðan á safninu

Nú eru skráð í safnið 340 sýnanúmer af húsdýrum, villtum dýrum, sjávarspendýrum, fuglum og fiskum og þar af eru 258 sýni tilbúin til notkunar (voru 313 og 223 í október 2016). 30 sýni eru enn í verkun eða á eftir að fituhreinsa og 15 sýni eru í frysti og bíða verkunar. Auk þessa eru 90 sýni úr Sigurgeirssafni tilbúin til notkunar en 56 eru enn í verkun. Listi yfir sýni í samanburðarsafninu er birtur á vefsíðu Lbhí samhliða þessari skýrslu svo einfalt er fyrir fræðimenn að sjá hvað er til í safninu og óska eftir aðgangi að safninu eða einstökum sýnum. Send var út kynning á safninu á póstlista dýrabeinafornleifafræðinga 11. janúar 2017 og fékk sá póstur strax nokkur viðbrögð. Nú í haust kom út stutt grein um safnið í rafrænu fréttabréfi ICAZ (International Council for Archaeozoology) svo safnið hefur verið vel kynnt fyrir dýrabeinafornleifafræðingum (sjá Viðauka 2). Árið 2018 verður sett upp heimasíða fyrir safnið sem mun vera þáttur í að kynna safnið betur fyrir öðrum fræðimönnum bæði hér á landi og erlendis sem og til þess að vekja athygli almennings á safninu.



Mynd 2: Herbergi fyrir samanburðarsafnið á 3. hæð í Keldnaholti í ágúst 2017 en orðið var ansi þröngt um safnið. Ljósmynd: Albína Hulda Pálsdóttir.

Safnið fluttist um set af 3. hæð í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands í Keldnaholti (Mynd 2) niður á 1. hæð í nóvember 2017. Mun rýmra eru um safnið í nýju aðstöðunni og vinnuaðstaða mun betri (Mynd 3). Verið er að vinna í að klára frágang í nýju aðstöðunni svo hún nýtist sem best.



Mynd 3: Hillur með sýnum úr samanburðarsafninu, í efstu þremur hillunum eru beinagrindur úr fuglum, svo eru spendýrabein og neðst eru kindabein úr Sigurgeirssafni. Ljósmynd: Albína Hulda Pálsdóttir.

Spendýr

Nú eru skráð í safnið 148 spendýrasýni (voru 137 árið 2016), flest þeirra eru heilar eða nánast heilar beinagrindur. Sum spendýrasýnanna eru enn í verkun. Það eru enn sömu dýrategundir sem helst vantar í spendýrhluta safnsins og var í lok árs 2016, í safnið vantar fleiri seli af þekktri tegund, aldri og kyni, folald, höfuðkúpu af hyrndum nautgrip og heila beinagrind af fullorðnum nautgrip. Í samanburðarsafninu eru nú afar fá hvalbein en verkun á beinagrind af hnísu (M125) er lokið og hún orðin aðgengileg í safninu.

Stærsta breytingin á spendýrhluta samanburðarsafnsins árið 2017 var verkun og skráning um 90 sauðfjárbeinagrinda í svokölluðu Sigurgeirssafni. Þessar beinagrindur voru verkaðar fyrir doktorsverkefni Sigurgeirs Þorgeirssonar (1981) og höfðu ekki verið nýttar síðan. Flestar þurftu þær aftur að fara í vatnsrotnun í nokkra mánuði og svo í fituhreinsun í acetón til að vera tilbúnar í notkun í samanburðarsafninu. Ákveðið var að skrá þessar beinagrindur sem undirhluta samanburðarsafnsins og halda upprunalegum númerum á þeim frekar en að skrá þær á sama hátt og önnur sýni í samanburðarsafninu. Nú eru um 90 af þessum beinagrindum af íslensku sauðfé aðgengilegar ásamt

gögnum um kyn, aldur og stærð. Af flestum einstaklingum eru til staðar hauskúpur, kjálkar, leggir, lærleggir og sköflungar, hluti af hryggjarliðum og rifbeinum (Mynd 1 og Mynd 7). Um 56 sýni úr Sigurgeirssafni eru enn á ýmsum stigum verkunar svo nokkuð verk er enn eftir þar. Þetta er mjög verðmætt safn vegna þess hve miklar upplýsingar eru til um hvern einstakling sem nýtt mun verða til ýmissa rannsókna á næstu árum.



Mynd 4: Hauskúpur og bein úr Sigurgeirssafni sem verið er að merkja og pakka. Ljósmynd: Elísa Skúladóttir.

Fuglar

Söfnun fuglasýna hefur gengið vel en nú eru 152 fuglasýni í safninu (voru 138 árið 2016). Mikill meirihluti fuglasýnanna eru heilar beinagrindur úr einstaklingum sem voru mældir og ljósmyndaðir fyrir verkun. Í safnið eru nú komnar margar helstu tegundir sem finnast í fornleifauppgröftum þó vantar fleiri endur, sjófugla, vaðfugla og nokkrar mávategundir í safnið. Nánari umræðu um fuglasýni má sjá í skýrslu frá 2016 (Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir, 2016).

Fiskar

Nú eru í samanburðarsafninu 40 fisksýni en engin fisksýni voru verkuð í safnið árið 2017. Næst þegar sótt verður um styrk til vinnu við samanburðarsafnið þarf að huga sérstakleg af því að fjölga fiskbeinagrindum í safninu. Bæta þarf við tegundaúrvalið í fiskibeinasafninu og má þar helst nefna villtan lax, karfa, marhnút, skötu og síld. Auk þess þarf að fjölga einstaklingum af mismunandi stærðum innan algengustu tegunda svo sem þorsks, ýsu, keilu, löngu, steinbíts og fjölga beinagrindum flatfiska. Æskilegt væri að fá í safnið helstu hákarlategundir sem finnast við Ísland þar sem tennur hákarla geta fundist í fornleifarannsóknum.

Nýting safnsins

Safnið fékk þrjár heimsóknir frá erlendum fræðimönnum frá nóvember 2016 og út árið 2017, eitt sýni var lánað á sýningu og einn nemandi vann sjálfstætt verkefni í tengslum við safnið. Samanburðarsafnið er einnig notað í kennslu í ýmsum áföngum við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Dr. Erica Hill, aðstoðarprófessor við University of Alaska - Southeast var á Íslandi með Fulbright-NSF Arctic research grant og heimsótti safnið til að skoða rostungsbein (Mynd 5).




Mynd 5: Erica Hill frá University of Alaska - Southeast heimsótti safnið í nóvember 2016. Ljósmynd: Albína Hulda Pálsdóttir.

Fyrri heimsóknin árið 2017 var í lok mars. Frá University of Cardiff komu Dr. Jacqui Mulville og Sally Evans, doktorsnemi til að skoða hvalbein í safninu og ræða möguleika á framtíðarsamstarfi. Þær heimsóttu einnig Náttúrufræðistofnun Íslands og Hvalasafnið á Húsavík í ferð sinni.

Í lok júní kom Grace Cesario doktorsnemi við The Graduate Center, City University of New York að skoða aðstöðuna í samanburðarsafninu. Grace er dýrabeinafornleifafræðingur og er að vinna að greiningu dýrabeinasafna frá fornleifarannsóknum í Skagafirði til að skoða breytingar í nýtingu villtra dýra. Hún hefur hug á að nýta safnið árið 2018 þegar hún mun að öllum líkindum dveljast á Íslandi í nokkra mánuði.

Seinni hluta haustsins 2016 vann Hazel M. Cashman að sjálfstæðu rannsóknarverkefni við samanburðarsafnið. Hazel er nemandi við Bates College í Bandaríkjunum en var í námsdvöl á Íslandi við School for International Training, Iceland and Greenland, Climate Change and the Arctic Fall 2016. Hazel verkaði nokkur sýni fyrir samanburðarsafnið og skrifaði auk þess ritgerð „Independent Study Project: Investigation into the implications of zooarchaeological studies for climate reconstruction in the North Atlantic; zooarchaeological research at the Agricultural University of Iceland, Reykjavík“.



Mynd 6: Hazel Cashman að merkja bein í samanburðarsafninu og holdhreinsa gæs fyrir vatnsrotun í nóvember 2016 Ljósmynd: Albína Hulda Pálsdóttir.

Samanburðarsafnið hefur áfram verið nýtt við verkefnið “ Hestar og sauðfé víkinganna: Fornerfðafræði húsdýra í Norður-Atlantshafi.” Verkefnið er styrkt af rannsóknasjóði Rannís styrkur nr. 162783-051. Verkefnastjóri Dr Jón Hallsteinn Hallsson, dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands en meðumsækjendur eru Albína Hulda Pálsdóttir, Dr. Sanne Boessenkool og Dr. Juha Kantanen.

Eitt minnisblað kom út í ár sem nýtti samanburðarsafnið: Albína Hulda Pálsdóttir. (2017).

Fjallkonan við Afréttarskarð: Minnisblað um meint fiskbein. Rit nr. 88. Reykjavík: Landbúnaðarháskóli Íslands.

Lán úr safninu



Mynd 7: Höfuðkúpa af ketti, M135, sem lánuð var á sýninguna „Dýrin- Leyndardómur landnáms“ frá apríl 2017 til desember 2019. Borgarsögusafn Reykjavíkur fékk að láni hauskúpu og neðri kjálka af ketti, M135, þann 19. apríl 2017 (Mynd 7) til að nota á sýningu. Höfuðkúpan er á sýningunni „Dýrin- Leyndardómur landnáms“ sem opnaði 18. maí 2017 í Landnámssýningunni í Aðalstræti sem stendur yfir til lok árs 2019 (Mynd 8). Er þetta fyrsta formlega langtímalánið úr safninu en vonandi verða fleiri slík tækifæri til að nýta sýni úr safninu í safnsýningar eftir því sem það stækkar.



Mynd 8: Kattarhauskúpan á sýningunni „Dýrin- Leyndardómur landnáms“.

Framtíðarhorfur

Flest það sem rætt var í ársskýrslu 2016 á enn við, búa þarf betur að fuglabeinasafninu og setja upp sértakan skáp fyrir það, bæta þarf verulega í fiskihluta safnsins og til langs tíma væri frábært að geta fengið hvalbeinagrindur í safnið en til þess þarf mun stærri aðstöðu en safnið hefur nú yfir að ráða. Vegna anna við önnur verkefni var ákveðið að sækja ekki um styrk til vinnu við safnið til fornminjasjóðs fyrir árið 2018.

Eitt af verkefnum fyrir safnið 2018 er að kynna safnið og gera það þar með aðgengilegt fræðimönnum hér á landi og erlendis til notkunar við rannsóknir. Árið 2018 verður útbúin heimasíða fyrir safnið sem mun gera það sýnilegra á netinu. Huga þarf sérstaklega að kynna safnið fyrir fræðimönnum á Íslandi sem gætu ef til vill nýtt sér safnið á einhvern hátt til rannsókna eða kennslu.

Þakkir

Ýmsir starfsmenn Landbúnaðarháskólans hafa í ár veitt aðstoð tengda safninu, ber þar helst að nefna Jón Hallstein Hallsson og Charlottu Oddsdóttur, og kann ég þeim bestu þakkir fyrir. Þakkir fær líka Ævar Petersen sem gaf 10 fugla í safnið í desember 2016 sem verkaðir voru sumarið 2017. Með fuglunum fylgdu nákvæmar upplýsingar svo um var að ræða sérlega vermæt sýni.

Fjármögnun

Vinna við samanburðarsafnið hefur verið styrkt af fornminjasjóði árið 2017 (styrkur nr. 201702-0044), árið 2016 (styrkur nr. 201602-0099). Verkun hæsnasýna 2014-2016 var hluti af verkefnum „Hæsnarækt á Íslandi frá landnámi til 20. aldar“. sem einnig var styrkt af fornminjasjóði styrkur nr. 201401-0051. Árið 2009 fékk verkefnið styrk úr fornleifasjóði. Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur styrkti vinnu við safnið árið 2007. Landbúnaðarháskóli Íslands hefur lagt safninu til aðstöðu frá 2013 sem er mikilvægur grundvöllur fyrir áframhaldandi uppbyggingu safnsins.

Viðauki 1: Verkferill fyrir verkun á hræjum í samanburðarsafn

Uppfært febrúar 2018 – Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir

1. Skrá í Excel skjal
 - a. Fá númer fyrir sýnið og skrá upplýsingar um uppruna og fleira
2. Mæla sýnið í samræmi við staðla (Reitz og Wing, 2008; Tomkins, Rosendahl, og Ulm, 2013)
3. Vigta sýnið (þegar það er hægt)
4. Taka ljósmynd af sýninu
 - a. Prenta út með miða með númeri, tegund og dagsetningu og hafa á mynd
 - b. Muna að hafa skala á mynd (reglustiku eða tommustokk t.d.)
 - c. Vista myndir í sér möppu fyrir hvert sýni sem merkt er með númeri og tegund
5. Gera álmerki með númeri sýnisins (skrifað tvisvar á merkið), tegund og dagsetningu
6. Verka sýnið, flá og hreinsa mjúkvafi af eins og hægt er
7. Setja sýnið í netpoka með álmerki
8. Vatnsrotnun – tekur 1-6 mánuði/suða (fyrir fiska) – tekur 2-8 klst
9. Fituhreinsun (ekki alltaf nauðsynleg)
 - a. Ef beinin eru fituhreinsuð þarf að skrá það í Excel skjalið og segja hvaða efni var notað við hreinsunina.
 - b. Beinir eru sett í netpoka með álmerki og svo í plastbox með loki sem fyllt er með hreinu acetón. Boxið er merkt að utan og sett í stinkskáp.
 - c. Fituhreinsunin getur tekið frá tveimur vikum upp í nokkra mánuði. Gott er að færa beinin yfir í hreinni lausn á nokkra vikna fresti.
 - d. Þegar beinin líta út fyrir að vera orðin hrein er netpokinn tekin úr acetón lausninni, lagður á trébakka og látið þorna í stinkskáp í 1-2 tíma. Síðan eru beinin þvegin með vatni.
10. Beinir eru þurrkð á bakka, það tekur 1-2 sólarhringa
11. Merkja beinin með sýnanúmeri
 - a. Naglalakkað með glæru lakki
 - b. Númer sýnis skrifað á stærri bein með tússpenna
12. Pakka í kassa/öskju í heppilegri stærð
 - a. Merkja kassann, á loki og framhlið
 - b. Setja miða í kassann með upplýsingum um sýnið
13. Upplýsingar í Excel skjali uppfærðar
 - a. Skrá ef einhver ummerki eru um slysi eða sjúkdóm (e. pathology) er á beinum
 - b. Uppfæra staðsetningu sýnis
 - c. Skrá hvenær sýni komst í notkun í samanburðarsafni



ICAZ LABORATORY UPDATES

New zooarchaeological reference collection in Iceland

Contributed by Albína Hulda Pálsdóttir, Faculty of Agricultural and Environmental Sciences, The Agricultural University of Iceland, Keldnaholti-Árleyni 22, 112 Reykjavík, Iceland, and Centre for Ecological and Evolutionary Synthesis (GEES), Department of Biosciences, University of Oslo, Postbox 1066, Blindern, 0316 Oslo, Norway (albinap@gmail.com)

The Icelandic zooarchaeological reference collection housed at the Agricultural University of Iceland is now open to outside researchers. This is the first such collection in Iceland and it currently has specimens of various mammals, birds and fish found in or around Iceland. There are 260 specimens in the collection that are ready for use, with an additional 80 samples in various stages of preparation. Detailed information such as origin, species, age and sex is available for many specimens.

There are about 148 samples from mammals in the collection, mostly domestic. These include 90 partial skeletons from Icelandic sheep, which have detailed information about sex, age and size. Most of the sheep samples include at a minimum a skull, mandibles, humerus, femur, tibia, scapula, parts of the vertebral column and ribs. For wild animals the collection has dolphin, seal, arctic fox and more.

The bird bone reference collection includes a diverse range of species found in Iceland, with 150 specimens. Most of the bird specimens are whole skeletons. The collection includes 22 skeletons of Icelandic chickens, both males and females and of various ages.



Figure 1: Sheep bones in preparation for the reference collection in 2017 (photo Elísa Skúladóttir)

The fish collection is still limited; currently there are only 40 fish specimens but the plan is to expand this in the coming years.

Work on the reference collection has been funded by grants from the Archaeological Heritage Fund in Iceland (grant nos 201702-0044 and 201602-0099).

Researchers interested in visiting the collection or obtaining further information about available specimens can contact Albína Hulda Pálsdóttir at albinap@gmail.com. An annual report for 2017 with an updated sample list will be published before the end of the year.

The list of available samples is accessible on the Agricultural University of Iceland website: http://www.lbhi.is/sites/default/files/gogn/vidhengi/thjonusta/utgefid_efni/RitLbhi/rit_lbhi_nr_71_samanburdarsafn_lbhi_aui_reference_collection.xlsx.

The annual report for the year 2016 (in Icelandic) is available at: http://www.lbhi.is/sites/default/files/gogn/vidhengi/thjonusta/utgefid_efni/RitLbhi/rit_lbhi_nr_71.pdf.

Figure 2: Grey seal skeleton in preparation for the reference collection in 2016 (photo Albína Hulda Pálsdóttir)

Heimildir

- Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir. (2016). *Samanburðarsafn í dýrabeinafornleifafraeði við Landbúnaðarháskóla Íslands: Staða árið 2016 og framtíðarhorfur* (nr. 71). Rit Lbhí nr. 71. Reykjavík: Landbúnaðarháskóli Íslands.
- Reitz, E. J. og Wing, E. S. (2008). *Zooarchaeology* (2. útgáfa). Cambridge University Press.
- Sigurgeir Þorgeirsson. (1981). *Growth and development of Scottish blackface and Icelandic sheep* (PhD thesis). University of Edinburgh, Edinburgh.
- Tomkins, H., Rosendahl, D. og Ulm, S. (2013). Tropical Archaeology Research Laboratory Comparative Fish Reference Collection: Developing a Resource for Identifying Marine Fish Remains in Archaeological Deposits in Tropical Australasia. *Queensland Archaeological Research*, 16, 1–14.